

Ályktun stjórnar BSRB vegna ákvörðunar kjararáðs um launahækkun dómara - 18. febrúar 2011

BSRB átelur ákvörðun kjararáðs um sérstakt tímabundið álag á laun til hæstaréttardómara og dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Starf dómara er mikilvægt og engum vafa er undirorpið að mikið álag hefur verið á þeim í kjölfar efnahagshrunsins. Það á hins vegar við um fjölmargar aðrar stéttir. Við mikinn niðurskurð til almannaþjónustunnar hefur álagið á starfsmenn hennar aukist verulega, jafnhliða auknum verkefnum með brýnni þörf og færri starfsmönnum. Ákvörðunin hlýtur að slá tóninn í yfirstandandi kjaraviðræðum og þær stéttir sem búa við mikið álag hljóta að vænta sömu uppbótar. Það er ólíðandi að á meðan ríkisvaldið fæst ekki til að ganga frá kjarasamningum við starfsmenn sína skuli kjararáð hækka laun dómara.